

## LISTIR

## Möguleikhúsið Aukasýning á Trítiltoppi

AUKASÝNINGAR verða á barnaleikritinu „Trítiltoppi“ í Möguleikhúsinu um helgina. Leikritið var frumsýnt í byrjun desember og sýnt þrjátíu og sex sinnum fyrir jóla, óftast fyrir fullu húsi. Til stóð að ljúka sýningum fyrir áramót, en vegna mikillar aðsóknar hefur verið ákveðið að bæta við tveimur aukasýningum. Þær verða laugardaginn 7. og sunnudaginn 8. janúar og hefjast kl. 14 í Möguleikhúsinu við Hlemm.

Í kynningu segir: „Trítiltoppur“ er íslenskt ævintýraleikrit sem segir frá tröllastráknunum Trítiltoppi sem leggur af stað í leiðangur til að leita að jólnum. Leitina reynist honum þó erfiðari en hann gerir ráð fyrir. Hann lendir í ýmsum ævintýrum, hittir góðhertadaða álfakónginn Arfítus, þarf að berjast við illskeytta dverginn Garra, þiggur gistingu í helli Grýlu og Leppalúða o.fl.“

Höfundur og leikstjóri er Pétur Eggerz, Helga Rún Pálsdóttir hannar leikmynd og búninga og Alfreð Sturla Böldvarsson sér um lýsingu. Leikarar eru Alda Arnardóttir, Bjarni Ingvarsson og Stefán Sturla Sigurjónsson.



STEFÁN Sturla og Alda í hlutverkum Arfítusar álfakóns og Trítiltoppis.



FLYTJENDUR á nýársónleikunum í Listasafni Íslands á sunnudaginn.

LISTASAFN Íslands heldur nýársónleika sunnudaginn 8. janúar kl. 20.30 í safninu að viðstöddum forseta Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttur. Þetta eru aðrir nýársónleikar Listasafnsins.

Flytjendur eru allir í fremstu röð íslenskra tónlistarmanna og má þar nefna Blásarakvintett Reykjavíkur, Þóru Einarsdóttur sópran, Sigrúnu Eðvaldsdóttur fiðluleikara og Margaleidur.

Á tónleikunum verður meðal annars leikin tónlist eftir Bach, Mozart, Schubert og Keisaravalsinn eftir Jóhann Strauss yngri.

### Efnisskrá

Tónleikarnir hefjast á verki eftir Jóhann Christian Bach: Kvintett í D-dúr op. 11 nr. 6 fyrir flautu, óbó, fiðlu, víolu og selló.

Næst verða flutt þrjú sönglög fyrir sópran og píanó eftir Jón Þórarinnsson: Þjóðvísan Fuglinn í fjörunni, Íslenskt vögguljóð á hörpu við ljóð Halldórs Laxness

## Nýárs- tónleikar Lista- safnsins

og Jeg elsker dig við texta Magdalene Thoresen.

Þá verður flutt Fantasia um La Traviata eftir Verdi fyrir klarínnett og píanó eftir Donato Lovreglio og Opus number Zoo fyrir blásarakvintett eftir Luciano Berio. Ljóðið í síðartalda vörkinu er eftir Rhoda Levine og í íslenskri þýðingu Kristjáns Árnasonar.

Eftir hlé verður Wolfgang Amadeus Mozart á dagskrá. Fluttur verður Kvartett í D-dúr K 285 fyrir flautu, fiðlu, víolu og selló.

Der Hirt auf dem Felsen op. 129 fyrir sópran, klarínnett og píanó eftir Müller og von Chézy.

Að lokum hljómar Keisaravalsinn op. 437 eftir Jóhann Strauss yngri.

Flytjendur eru sem fyrr segir kunnir og vel metnir tónlistarmenn sem starfa hér á landi og erlendis. Þeir eru Þóra Einarsdóttir, sópran, Sigrúna Eðvaldsdóttir, fiðla, Helga Þórarinsdóttir, víola, Richard Talkowsky, selló, Richard Korn, kontrabassi, Steef van Oosterhout, slagverk, Blásarakvintett Reykjavíkur, Bernharður Wilkinson, flauta, Daði Kolbeinnsson, óbó, Einar Jóhannesson, klarínnett, Jósef Ognibene, horn og Hafsteinn Guðmundsson, fagott.

## Gallerí Sólun Íslandus Ljósmynd- ir eftir Davíð Þor- steinsson

DAVÍÐ Þorsteinsson opnar sýningu á ljósmyndum í Gallerí Sólun Íslandus við Bankastræti á morgun, laugardag, kl. 15. Um er að ræða hátt á þriðja tug mannamynda sem flestar eru teknar á götum Reykjavíkur á árunum 1993-1994.



Davíð er áhugvaldjósmyndari sem áður hefur haldið fjórar einkasýningar, allar á Mokka-kaffi í Reykjavík. Sýningin á Sóluni stendur til 24. janúar og eru allir velkomnir jafnt á opnunina sem aðra daga.

## Daníel Þor- kell í Gallerí Sævars Karls

FYRSTA sýningin í Gallerí Sævars Karls á árinu 1995 er sýning Daníels Þórkel Magnússonar, en hún verður opnuð í dag, föstudag.

Daníel stundaði nám í Myndlista- og handíðaskóla Íslands og hefur tekið þátt í fjölda samsýninga og haldið einkasýningar víða. Þetta er hans önnur einkasýning í Gallerí Sævars Karls.

## Listaklúbbur Leikhúskjallarans

# Lög úr söngleikjum á mánudagskvöldið

LISTAKLÚBBURINN hefur starf sitt á nýju ári á léttum nónum mánudagskvöldið 9. janúar en þá munu þrjár ungar söngkonur flytja gestum lög úr söngleikjum við píanóundirleik Kristins Arnar Kristinssonar. Árni E. Blandon fjallar um sögulegan bakgrunn laganna með aðaláherslu á Leonard Bernstein, höfund tónlistar söngleiksins West Side Story sem frumsýndur verður í Þjóðleikhúsinu í febrúar. Valgerður Guðnadóttir og Garðar Thór Cortes annað parið af tveimur sem leika Maríu og Tony í sýningu Þjóðleikhússins syngja við píanóundirleik Jóhanns G. Jóhannssonar hljómsveitarstjóra.

Söngkonurnar eru Ágústa S. Ágústsdóttir, Harpa Harðardóttir og Ingveldur Ýr Jónsdóttir. Ágústa og Harpa hafa báðar stundað nám við Söngskólann í Reykjavík og luku þaðan söngkennaraprófi síðastliðið vor. Þær hafa tekið þátt í fjölda sýninga hjá Íslensku óperunni og í nóvember sl. héldu þær saman tónleika í Listasafni Kópavogs, Gerðarsafni. Ingveldur Ýr Jónsdóttir stundaði nám við söngskólann í Reykjavík, Tónlistarskólann í Vínarborg og Manhattan School of Music í New York. Hún hefur síðan tekið þátt í óruuppfærslum í Mið-Evrópu og hér á landi og haldið tónleika erlendis og á Íslandi. Nú síðast fór Ingveldur Ýr með hlutverk Fjóthildar og Valþrúðar í Niflungahringnum eftir Wagner og með hlutverk Preziosilla í Valdi Örlaganna eftir Verdi.


Listaklúbburinn heldur nú upp á eins árs afmæli um þessar mundir, en hann var stofnaður 3. janúar 1994. Dagskráin á mánudagskvöldið hefst um kl. 20.30 og er aðgengisryr kr. 500 en kr. 300 fyrir félaga Listaklúbbsins. Þá mun liggja frammi dagskrá klúbbsins fyrir janúar og febrúar.

Listaklúbburinn heldur nú upp á eins árs afmæli um þessar mundir, en hann var stofnaður 3. janúar 1994. Dagskráin á mánudagskvöldið hefst um kl. 20.30 og er aðgengisryr kr. 500 en kr. 300 fyrir félaga Listaklúbbsins. Þá mun liggja frammi dagskrá klúbbsins fyrir janúar og febrúar.

## Boðið að stjórna Sinfóníunni

STJÓRN Sinfóníuhljómsveitar Íslands hefur ákveðið að bjóða Guðna A. Emilssyni, hljómsveitarstjóra í Þýskalandi, að koma hingað á starfsárinu 1995-96. Hann myndi þá stjórna Sinfóníunni á einum áskriftartónleikum næsta vetur. Enn er hvorki ljóst hvenær þetta gæti orðið nákvæmlega né hver efnisskráin yrði. Guðni hlaut nýlega verðlaun og styrk Herbert von Karajan-stofnun-

arinnar í Berlín fyrir tónleikahald og framúrskarandi árangur í keppni. Hann er nú stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar æskunnar í Tübingen skammt frá Stuttgart og hefur á undanförmum árum komið víða fram sem gestastjórnandi. Í viðtali við Morgunblaðið á þriðjudag kváðst Guðni eiga sér þann draum að koma heim og stjórna Sinfóníuhljómsveitinni hér. Og nú virðist ljóst að draumurinn rætist.



EITT verka Pórdísar.

## Grafík- sýning Pórdísar í Stöðlakoti

PÓRDÍS Elín Jóelsdóttir opnar grafík-sýningu í Stöðlakoti við Bókhlöðustíg á morgun, laugardaginn 7. janúar, kl. 14.

Pórdís stundaði myndlistarnám á listasviði Fjölbrautaskólans í Breiðholti og útskrifaðist úr grafíkdeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1988. Hún er meðlimur myndlistarhópsins Áfram veginn sem rekur grafíkferkstæði í Þingholtsstræti 5. Hópurinn hefur haldið nokkrar samsýningar, síðast í Ásmundarsal 1990. Þetta er önnur einkasýning Pórdísar.

Myndirnar eru handritaðar ætínger unnar í kopar. Sýningin er opin daglega frá kl. 14-18, en henni lýkur sunnudaginn 22. janúar.

## Fyrstu leirlistarverk- in og myndir Kjarvals

Á KJARVALSSTÖÐUM hefjast tvær sýningar á morgun. Önnur er yfirlitssýning um íslenska leirlist og hin með myndum af mörgu tagi úr Kjarvalssafni. Hún markar upphaf þess að verk eftir Jóhannes Sveinsson Kjarval verði jafnan til sýnis í safninu. Kristín G. Guðnadóttir valdi myndirnar eftir Kjarval í austursal hússins, en Eiríkur Þorláksson hafði umsjón með leirlistinni í vestursal og miðsal. Þar gefur að líta sýnishorn fyrstu leirlistarverkanna frá því um 1930 og síðan er reynt að rekja þróunina. Verk 21 myndlistarmanna eru á sýningunni.

Forráðamenn Kjarvalsstaða hafa gegnum tíðina fengið óskir um að ganga meðina verkum Jóhannesar S. Kjarvals vísum í húsinu. Og nú hefur menningarmálanefnd ákveðið að taka einn sal undir næst. Þannig verða verk Kjarvals sýnd þar vikur og einnig á sumarsýningu safnsins. Það á mikið af myndum eftir listamanninn og uppistaðan er gjöf hans til Reykjavíkurborgar frá 1968 á 5.000 verkum, mest skissum og teikningum. Síðan hafa fjölmargir



Jóhannes S. Kjarval: Kona.

einstaklingar aukið við hana.

Á sýningunni, sem opnuð verður á morgun, er áhersla lögð á fjölbreytileika og frumleika í verkefnavali og myndmáli Kjarvals. Myndir af þekktum íslendingum eru á sýningunni, landslagsteikningar, olumálverk, uppstillingar og teikningar af furðuverum í myndheimi málara.